

66

15. júlí

49. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og má þá græiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

50. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut að máli.

I dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

67

16. júní

Erindisbrjef

fyrir yfirsíldarmatsmenn.

1. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir skulu hafa fulla þekkingu á því, hvernig síld skal vera að verkun og útliti, og hvernig á að fara með hana og verka hana, svo að hún verði talin góð vara á þeim stöðum, þar sem helstur er markaður fyrir hana.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfirumsjón með skoðun á nýrri síld, og merkingu á síldar-tunnum með saltaðri síld, sem út er flutt, hver í sínu umdæmi. Um framkvæmd og fyrir-komulag á matinu og skoðuninni eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa undirmatsmenn og síldarmatsmenn sjer til aðstoðar við skoðun nýrrar síldar, aðgreiningu og endurmat á saltaðri síld og merkingu á tunnum með saltaðri síld. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stað í umdæmi þeirra þurfi að skipa síldarmatsmenn, hve marga, og hverja ætti að skipa. Síldarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirsíldarmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr.

67

16. júlí

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu yfirmatsmenn eða síldarmatsmenn fara út á skip þau, sem veiða ætla síld með herpinót eða reknetum, þegar hlutaðeigandi skipstjóri tilkynnir þeim, að hann vilji útbúa skip sitt til síldveiða, og skulu þeir þá segja fyrir um hvernig skipið skuli útbúa svo hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

Á þeim síldveiðastöðum, sem liggja langt frá heimili yfirmatsmanna, skulu þeir veita einhverjum af undirmatsmönnum sínum umboð til að segja fyrir um útbúnað síldveiðaskipa á þeim stað, og yfirmatsmaður þá gefa honum reglur til að fara eftir.

5. gr.

Yfirmatsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að ný síld sje skoðuð grandgæfilega, og að samviskusemlega sje um hana dæmt af undirmatsmönnum.

Yfirmatsmenn eða undirmatsmenn, er hafa umboð þeirra, skulu skera úr, ef ágreiningur verður milli skipshafnar og matsmanna eða útgerðarmanna og matsmanna, eða annara, sem hafa umsjón með síldinni, og matsmanna um síld, sem matsmenn dæma óhæfa til útflutnings í lagarheldum tunnnum.

6. gr.

Þegar síld er söltuð, sem ætluð er til útflutnings, skal sá, er hana lætur salta, merkja tunnurnar á efra botni með olíulit sem sýni 1. mánaðardag er síldin er söltuð, og 2. númer þess, er síldina saltar. Yfirmatsmennirnir setja reglur um, hver og hvernig þessi merki skulu vera.

Ef söltunarformaður vanrækir að merkja tunnurnar, eða merki hafa afmáðst, skal matsmaður láta merkja tunnurnar á kostnað þess, er síldina lætur salta.

Síld sem söltuð er óverkuð, má því að eins kverkast til útflutnings, að hún sje góð vara og hafi eigi legið lengur í salti en tvo sólarhringa.

7. gr.

Öll síld sem vottorð fær sem góð vara til útflutnings, skal vera söltun í hreinar, vel bentar lagarheldar tunnur.

Síld skal hafa legið í salti eigi skemur en þrjár vikur áður en endurmat getur farið fram. Finni matsmaður ástæðu til, getur hann, t. d. þegar mikil áta er í síldinni, eða af öðrum ástæðum, úrskurðað, að hún þurfi að liggja lengur í salti, áður en hún sje endurmetin.

8. gr.

Matsmenn skulu gæta þess, að síldin sje vel söltuð og vel lögð í tunnurnar; hvert lag sje lagt þannig, að síldin í efra laginu liggi þvert yfir þær í neðra laginu; þær skulu liggja þjett hver við aðra, hausarnir nái alveg út að tunnustöfunum, og hvert lag sje endað með »höfuðsíld«.

9. gr.

Þegar óskað er eftir skoðun og merkingu á saltaðri síld, ber þeim, er hlut á að máli, að senda yfirmatsmanni skriflega beiðni um það, og geta þess þar, hverskonar síld það er, sem

67 hann óskar að skoðuð sje og merkt, hve margar tunnur það eru og hvort síldin er kverkuð, 16. júlí ókverkuð eða magadregin.

Eunfremur skal beiðninni fylgja drengskaparvottorð um, að síldin sje vel verkuð í alla staði, eftir því sem beiðandi veit frekast.

10. gr.

Pegar meta skal, skulu allar tunnur sömu tegundar liggja út af fyrir sig. Matsmenn skulu fullvissa sig um, að tala tunnanna sje samkvæmt því, sem frá er skýrt í matsbeiðninni, með því að telja þær sjálfir. Sje talan ekki rjett, skulu þeir láta hlutaðeigandi matsbeiðanda leiðrjetta töluna í matsbeiðninni, áður skoðun fer fram.

11. gr.

Endurmat skal framkvæmt svo fljótt sem kostur er á, eftir að beiðni um það er fram komin, og ber matsmanni að láta framkvæma endurmatið eftir þeirri röð sem beiðnirnar um það berast honum í hendur.

Endurmat skal framkvæmt á þann hátt, að hver tunna síldar, sem meta á, skal tæmd í þar til gerða vigtarkassa, skoðuð nákvæmlega og öllum skemdum síldum kastað frá og síðan tilgreind þyngd látin í hverja tunnu, sem þó aldrei má fara fram yfir 105 kg. í norskum tunnum og 110 kg. í skoskum tunnum; þetta gildir jafnt um aðrar tunnur af líkri stærð þó þær beri önnur nöfn. Þessi þyngd gildir þegar ræðir um síld sem veidd er á tímabilinu 15. júlí til 15. sept. Síld sem veidist á öðrum tíma ársins, má að því er snertir þyngdina í hverri tunnu, vera eftir samkomulagi milli saltanda og matsmanna.

12. gr.

Pegar matsmaður hefir endurmetið síldina, skal hann tafarlaust láta leggja síldina niður í tunnurnar aftur, skulu þá allar síldir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, sem kynnu að hafa verið í tunnunum, teknar burtu og aðrar óskemdar látnar í staðinn. Að því loknu skulu tunnurnar bytnaðar og látinn í þær nægilega mikill þækill.

13. gr.

Pegar skoðun hefir fram farið, skal matsmaður merkja tunnurnar, ef síldin hefir verið þess verð að hans dómi. Stjórnarráðið gefur reglur um, hvernig merkin skulu vera.

14. gr.

Eftir að síldartunnur hafa verið merktar, má hvorki bæta við eða taka úr þeim, ekki heldur opna þær eða flytja burtu án vitundar matsmanna.

15. gr.

Við útskipun allrar síldar, er matsvottorð fær, skal vera matsmaður. Skal hann sjá um, að tunnurnar fari í skipið hreinar, heilar, fullbentar og þækilfullar. Honum ber og að hafa eftirlit með því, að tunnunum sje eigi hætta búin vegna slæmrar hleðslu í skipinu.

Telji hann tunnurnar í hættu vegna ógætilegrar hleðslu, og fái hann eigi breytingu á til batnaðar, skal hann geta þess í vottorðinu er síldinni fylgir.

16. gr.

Matsmanni er skylt að gefa vottorð um þyngd þeirrar síldar, sem í tunnunum er, ef þess er óskað. Yfirmatsmaður skipar fyrir hvernig vigta skuli. 16. júl

67

17. gr.

Matsmaður skal ávalt athuga, þegar hann endurmetur síld, að tunnur þær, sem hún er í, sjeu svo góðar, að engin hætta sje á, að síldin skemmist í þeim þeirra vegna, og ber matsmanni að neita að merkja eða láta merkja síldina, ef hann áltur tunnurnar ekki nægilega góðar.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með þæklun og allri meðferð síldar, frá því er hún er endurmetin og til þess að hún er flutt út.

18. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og að Langanesi. Annar hefir aðsetur á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórði hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður eftir reikningi.

Laun, ferðakostnaður, svo og dýrtíðaruppbót, greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Síldarmatsmenn skulu hafa fast dagkaup í 6 vikur, frá því vertíð byrjar á hverjum stað, við skoðun og eftirlit með söltun á nýrri síld og endurmat, ef það fer fram á þessum tíma. Eftir þann tíma skulu þeir hafa ákveðið kaup um hverja klukkustund, er þeir starfa að mati. Kaupið ákveða yfirmatsmenn. Hinu fasta dagkaupi síldarmatsmanna skulu yfirmatsmenn jafna niður að rjettu hlutfalli á hverja frumsaltaða síldartunnu og greiða þeir síldarmatsmönnunum umsamið kaup þeirra að lokinni vertíð. Yfirmatsmenn geta krafist, að síldarsaltendur setji nægilega tryggingu fyrir greiðslu síldarmatslaunanna þegar þess er óskað af yfirmatsmanni.

Öll matslaun undirmatsmanna skulu greidd af þeim, er síldina lætur salta. Fáist reikningur eigi greiddur af síldarsaltanda þegar yfirmatsmaður óskar, úrskurðar hlutaðeigandi lögreglustjóri hann, og má þá taka upphæðina lögtaki, sem önnur opinber gjöld.

20. gr.

Yfirmatsmaður er skyldur til að sjá um, að síld verði metin á hverjum þeim stað í umdæmi sínu, sem þess er óskað. Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu síldarmatsmönnunum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af síldarmatsmönnunum í umdæmi sínu, er hann treystir best, umboð til að sjá um störf yfirsíldarmatsmanns í sinn stað, ef hann getur ekki sjeð um þau sjálfur vegna annríkis við síldarmatsstörf eða annara forfalla.

67

21. gr.

16. júlí

Yfirsíldarmatsmenn eru skyldir til að ferðast um í umdæmi sínu, eftir samráði við stjórnarráðið, og leiðbeina mönnum um verkun og meðferð síldar.

22. gr.

Þeir mega ekki meta eða merkja síld, sem þeir elga sjálfir, og ekki heldur vera í þjónustu síldveiðamanna eða manna, sem meta láta síld til útflutnings.

23. gr.

Yfirmatsmenn rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða erindisbrjefi þessu og rækja með alúð og kostgæfni þær skyldur, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

24. gr.

Með þessu eru úr gildi feld erindisbrjef fyrir yfirsíldarmatsmenn 10. júlí 1914.

A kvæði um stundarsakir.

Ekki er skylt að framkvæma endurmat á síld þeirri, sem veiðist sumarið 1920, á þann hátt, sem greinir í 11. gr., en yfirsíldarmatsmenn skulu framkvæma eða láta framkvæma skoðun á þeirri síld, áður en hún er flutt út, á þann hátt, sem þeir telja heppilegan og tryggilegan.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 16. júlí 1920.

Þjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Erindisbrjef

68

16. júlí

fyrir síldarmatsmenn.

1. gr.

Síldarmatsmennirnir eða undirmatsmennirnir eiga að kappkosta að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði síldar og meðferð hennar og sem leiknastir í að aðgreina hana.

2. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir, hver í sínu umdæmi, eru yfirboðaðar þeirra, og eru þeir aðstoðarmenn yfirmatsmanna við skoðun nýrrar síldar og mat og merking á tunnum með saltaðri síld. Þeir mega ekki vera burtu frá síldveiðastöð þeirri, sem þeir eru skipaðir fyrir meðan á veiðunum stendur, nema með leyfi yfirmatsmanns.